

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2019

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, 154. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs).

Í stefnu BSRB er fjallað um að brýnt sé að lengja fæðingarorlofsrétt foreldra á vinnumarkaði, hækka hámarksgreiðslur og tryggja óskertar lágmarksgreiðslur. Þá þarf að lögfesta rétt barna til öruggrar dagvistunar strax að loknu fæðingarorlofi. Ísland var í fremstu röð þegar fæðingarorlof feðra var sett á árið 2000 en síðustu ár hefur Ísland dregist verulega aftur úr Norðurlöndunum. Frumvarp þetta er stórt skref í átt að því að endurreisa fæðingarorlofskerfið. BSRB fagnar því efni frumvarpsins og styður framgöngu þess, með einni breytingartillögu. Það er afstaða BSRB að réttur til fæðingarorlofs skuli skiptast jafnt á milli foreldra, og er því sú breyting lögð til að hvort foreldri eigi sjálfstæðan rétt til 6 mánaða orlofs. Tölur frá Norðurlöndum sýna að mun líklegri er að feður nýti orlof ef þeir eiga sjálfstæðan rétt.¹ Um mikilvægt jafnréttismál er að ræða og einnig er það mikilvægur þáttur í því að tryggja rétt barna til samvista við báða foreldra.

Fyrir hönd BSRB,



Dagný Aradóttir Pind
lögfræðingur

¹ Nordic Health and Social Statistics, <http://nowbase.org/database>.